

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Vopnafjarðarhreppur



<b>Dags eftirlits</b>	6.8.2014	<b>Fulltrúi UST</b>	Helga Hreinsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Vopnafjarðarhreppur	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Hamrahlíð 15 690 Vopnafjörður	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	710269-5569	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Hilmar Jóseppsson	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	690508,452 590016,913

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Urðunarstaðurinn hefur verið rekinn á undanþágu frá starfsleyfi skv. bréfi Umhverfis- og Auðlindaráðuneytis frá 25.9.2012. Undanþágan rann út þann 1.1.2014 og því er litið svo á að um leyfislausan rekstur sé að ræða. Eitt frávik var staðfest varðandi spilliefni á svæðinu en annars er umgengni góð.

### UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitsferðinni 18.6.2014 var ekið inn á urðunarstaðinn og svæðið skoðað. Áhersla var á skoðun þess svæðis sem málmum er safnað og urðunarrein þá sem notuð er fyrir heimilisúrgang.

Á fundi með fulltrúa rekstaraðila var farið yfir eftirlitsskýrslu sl. árs. Einnig var rætt um reglur varðandi skráningu á móttöku úrgangs og annað sem lýtur að innra eftirliti í rekstri.

#### Frávik frá

Um er að ræða brot á 5. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br. þar sem segir að allur atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun skuli hafa gilt starfsleyfi.

#### Lýsing á frávikum

Urðunarstaðurinn er rekinn þrátt fyrir að undanþága Umhverfis- og Auðlindaráðuneytis frá starfsleyfi hafi runnið út 1. janúar 2014.

Gr. 2.2 í starfsleyfi er segir að óheimilt sé að blanda spilliefnum saman við annan úrg. og tryggja beri að engin spilliefni séu í úrg. sem tekin er til urðunar. Einnig brot á gr. 3.2 þ.e. krafa er um takm. aðg. annarra en rekstrar- og eftirlitsaðila eða aðila sem hafa heimild frá rekstaraðila.

Olíumengaður jarðvegur var á svæði því sem málmar eru geymdir til brottflutnings. Olía hefur borist inn á svæðið í aflögðum olíutanki sem skilað var til förgunar.

### ANNAÐ

Í eftirlitinu var tekið mið af starfsleyfi því sem gefið var út fyrir urðunarstaðinn á árinu 2002 og undanþágubréfi frá Umhverfis- og Auðlindaráðuneytinu dags. 25.9.2012.

Auk úrgangs frá íbúum og fyrirtækjum Vopnafjarðarhrepps hefur verið tekið við úrgangi, þ.e. heimilisúrgangi og slógi frá Langanesbyggð til urðunar. Þetta hefur verið með vitund Umhverfisstofnunar í kjölfar þess að urðunarstöðum á Þórshöfn og Bakkafirði hefur verið lokað.

Reykjavík, 25.11.2014

Helga Hreinsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.